



# ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og 453/2010

Endurskoðun nr.: 6

Dags.: 11. maí 2015

## 1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **GEARTEX EP-A 80W-90**

1.2. Tilgreind notkun Gírolía.

1.3. Söluaðili Ólíuverzlun Íslands hf.  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík  
Sími: 515 1000

Netfang: [olis@olis.is](mailto:olis@olis.is)

Veffang: [www.olis.is](http://www.olis.is)

1.4. Neyðarsímanúmer  
Neyðarlínan: 112  
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

## 2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

CLP-FLOKKUN Ekki flokkað.

2.2. Merkingaratriði

Hættumerki Ekki hættumerkingarskylt.

Viðvörðunarorð Á ekki við.

Hættusetningar (CLP) Engar hættusetningar.

Varnaðarsetningar (CLP) Engar varnaðarsetningar.

Inniheldur Fosfórsýruestri, amínsalt. Getur valdið ofnæmisviðbrögðum.

2.3. Aðrar hættur

PBT/vPvB Hvorki flokkað sem PBT- né vPvB-efni.

## 3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda

Efnispáttur	Efnakenni	Magn %	CLP-flokkun
Mikið hreinsuð jarðolía (C15-C50)	CAS#: Blanda EINECS#: * REACH#: **	70-99	Váhrifamörk tilgreind
Ólefínsúlfíð	CAS#: Blanda EINECS#: Trúnaðarmál	1-5	Langv. eit. á vatn. 4; H413
Fosfórsýruestri, amínsalt	CAS#: Blanda EINECS#: 931-384-6	0,5-1,5	Eldf. vökvi 3; H226 Bráð eit. 4; H302 Húðnæm. 1; H317 Augnsk. 1; H318 Langv. eit. á vatn. 2; H411

\*Inniheldur eitt eða fleiri eftirtaldrá EINECS-númera: 265-090-8, 265-091-3, 265-096-0, 265-097-6, 265-098-1, 265-101-6, 265-155-0, 265-156-6, 265-157-1, 265-158-7, 265-159-2, 265-160-8, 265-161-3, 265-166-0, 265-169-7, 265-176-5, 276-735-8, 276-736-3, 276-737-9, 276-738-4, 278-012-2.

\*\*Inniheldur eitt eða fleiri eftirtaldrá REACH-númera: 01-2119488706-23, 01-2119487067-30, 01-2119487081-40, 01-2119483621-38, 01-2119480374-36, 01-2119488707-21, 01-2119467170-45, 01-2119480375-34, 01-2119484627-25, 01-2119480132-48, 01-2119487077-29, 01-2119489287-22, 01-2119480472-38, 01-2119471299-27, 01-2119485040-48, 01-2119555262-43, 01-2119495601-36, 01-2119474889-13, 01-2119474878-16.

## 4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Eftir innöndun Engar sérstakar ráðstafanir. Færið viðkomandi í ferskt loft.

Leitið lækni ef einkenna verður vart.

Eftir snertingu við augu Engar sérstakar ráðstafanir. Til öryggis, fjarlægjið snertilinsur og skolið opin augu með vatni.

<b>Eftir snertingu við húð</b>	Engar sérstakar ráðstafanir. Farið úr óhreinuðum fötum og skóm. Þvoið húðina með sápu og vatni. Þvoið fatnað fyrir næstu notkun.
<b>Eftir inntöku</b>	Engar sérstakar ráðstafanir. Ekki framkalla uppköst. Leitið lækni til öryggis.
<b>4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin</b>	
<b>Einkenni og áhrif</b>	Innöndun getur valdið ertingu í öndunarvegi við langvarandi eða endurtekna snertingu.
<b>4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun</b>	
<b>Meðhöndlun</b>	Á ekki við.

## 5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

<b>5.1. Slökkvibúnaður</b>	
<b>Viðeigandi</b>	Froða, vatnsúði, slökkviduft, koltvísýringur.
<b>Óviðeigandi</b>	Ekki nota vatnsbunu.
<b>5.2. Sérstök hættu af blöndunni</b>	
<b>Myndefni við bruna</b>	Mjög háð brunaskilyrðum. Flókin blanda loftborinna fastra efna, vökva og lofttegunda verður til við bruna, þ.m.t. kolefnisoxíð, fosfóroxíð, brennisteinsoxíð og ýmis lífræn efnasambönd.
<b>5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn</b>	
<b>Ráðstafanir</b>	Efnið er ekki eldfimt, en brennur.
<b>Hlífðarbúnaður</b>	Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað og ferskloftstæki með öndunargrímu sem hylur allt andlitið og stillt á yfirþrýsting. Fatnaður (þ.m.t. hjálmar, skór og hanskar) sem uppfyllir skilyrði EN 469 veita grunnvörn í tilviki efnaleka.

## 6. RÁÐSTAFANIR EF EFNIR FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

<b>6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk</b>	
<b>Ráðstafanir</b>	Fjarlægjið alla íkveikjugjafa. Tryggið næga loftræstingu. Notið persónuhlífar. Rýmið svæðið. Haldið óviðkomandi og óvörðu fólki frá.
<b>6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins</b>	
<b>Ráðstafanir</b>	Hindrið dreifingu leka og að hann berist í holræsi, jarðveg, vatnsfarvegi og niðurföll.
<b>6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar</b>	
<b>Aðferðir og efni</b>	Afmarkið og safnið upp með hvarftregu ísogsefni, s.s. sandi, jarðvegi, vermikulít eða kísilgúr. Setjið í viðeigandi ílát til förgunar og fargið hjá viðurkenndum förgunaraðila í samræmi við gildandi lög og reglur. Gerið viðeigandi yfirvöldum viðvart ef efnið mengar umhverfið. Forðist losun út í umhverfið.
<b>6.4. Tilvísun í aðra liði</b>	
<b>Aðrir liðir</b>	Sjá liði 8 og 13.

## 7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

<b>7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun</b>	
<b>Meðhöndlun</b>	Forðist mengun jarðvegs og losun í holræsi, fráveitukerfi og vatnshlot.
<b>Ráðstafanir</b>	Varist snertingu við augu, húð og fatnað. Takið ekki inn. Þvoið ykkur vandlega eftir meðhöndlun.
<b>Stöðurafmagn</b>	Stöðurafmagn getur hlaðist upp og skapað hættulegar aðstæður við meðhöndlun efnisins. Til að lágmarka þessa hættu, getur verið nauðsynlegt að jarðtengja og spennujafna. Þó getur verið að það dugi ekki til eitt og sér. Yfirfarið allar aðgerðir sem geta mögulega valdið og hlaðið upp stöðurafmagni og/eða eldfimar aðstæður.
<b>Umbúðir</b>	Umbúðir eru ekki hannaðar til að þola þrýsting. Ekki nota þrýsting til að tæma umbúðir, þær geta sprungið með miklum látum. Tómar umbúðir innihalda leifar af efninu og geta verið hættulegar. Ekki pressa, skera, logsjóða eða bora. Haldið fjarri hita, eldi, neistum, stöðurafmagni og öðrum íkveikjugjöfum. Galtæmið notaðar umbúðir, lokið þeim og fargið í samræmi við gildandi lög og reglur.
<b>7.2. Örugg geymsluskiyrði, einnig m.t.t. ósamrýmanleika</b>	
<b>Geymsla</b>	Á ekki við.
<b>7.3. Sérstök notkun</b>	
<b>Sérstök notkun</b>	Gírolía.

## 8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

**Almenn atriði** Hugði að hættulegum eiginleikum efnisins (sjá 2. lið), váhrifamörkum, einstökum aðgerðum og öðrum eignum á vinnustaðnum við tæknilegar ráðstafanir og val á persónuhlífum. Ef tæknilegar ráðstafanir eða verklag er með þeim hætti að ekki dugar til að hindra áverkun efnisins í magni yfir váhrifamörkum, er notkun á neðantöldum hlífðarbúnaði ráðlögð. Notandi ætti að lesa og skilja allar leiðbeiningar og takmarkanir sem fylgja búnaðinum, þar sem hann veitir jafnan aðeins vörn í tiltekinn tíma eða við tiltekna aðstæður. Sjá viðeigandi CEN-staðla.

### 8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

#### Váhrifamörk á vinnustað

Efni	8 klst. TWA	Skammtíma	Upplýsingar
Mikið hreinsuð jarðolía (C15-C50)	1 mg/m <sup>3</sup>	-	Danmörk

### 8.2. Váhrifavarnir

#### Tæknilegar ráðstafanir

Tryggið næga loftræstingu. Persónuhlífar skulu aðeins koma til greina eftir að aðrar tæknilegar ráðstafanir hafa verið vandlega yfirvegaðar. Persónuhlífar skulu uppfylla viðeigandi staðla, vera í góðu standi og vel við haldið. Leita skal ráða hjá birgi við val á persónuhlífum að teknu tilliti til viðeigandi staðla (EN14042). Mikilvægt er að ganga úr skugga um að persónuhlífar eigi saman.

#### Hreinlæti

Gætið ávallt viðeigandi hreinlætis. Þvoið hendur upp að olnboga og andlit eftir meðhöndlun efna, áður en matast er, reykt, farið á snyrtingu og í lok vinnudags. Þvoið vinnufatnað og hlífðarbúnað reglulega. Fleygið óhreinum fatnaði og skóbúnaði sem ekki er hægt að þvo. Tileinkið ykkur góða umgengni.

#### Til hlífðar augum

Venjulega ekki þörf. Notið viðurkennd öryggisglæraugu ef hætta er á slettum, úða eða gufu (EN166).

#### Til hlífðar húð

Notkun hlífðarfatnaðar er góð vinnuregla. Val á hlífðarfatnaði skal byggja á eðli verks og hættum sem því fylgja. Vinnugallar úr pólýester/bómull veita aðeins vörn gegn minniháttar slettum. Vinnugalla skal þvo reglulega.

#### Til hlífðar höndum

Notið hlífðarhanska ef hætta er á langvinnri eða endurtekinni snertingu við efnið. Notið efnaþolna hanska sem uppfylla kröfur staðalsins EN374. Rétt val hönskum fer eftir efninu sem notað er, vinnuaðstæðum, eðli verks og ástand hanskana (jafnvel efnaþolnustu hanskar slitna við endurtekna snertingu við efni). Flestir hanskar veita aðeins vörn í skamman tíma áður en þeim þarf að skipta út.

#### Til hlífðar öndun

Ráðlagt (efni; þykkt; gegnþrengingartími): Nítril; 0,35mm; 240 mín. Ekki þörf við fullnægjandi loftræstingu. Veljið öndunarhlífar eftir skilyrðum sem uppfylla kröfur staðalsins EN529.

#### Til verndar umhverfi

Gerði viðeigandi ráðstafanir til að hindra eða takmarka losun.

## 9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

### 9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Útlit	Vökvi
Eðlisástand	Fljótandi
Litur	Ljós til brúnn
Lykt	Jarðolía
pH-gildi	Á ekki við
Suðumark	315°C (lágmark)
Blossamark	220°C (lágmark)
Gufuþrýstingur	<0,01 mmHg við 37,8°C
Eðlisþyngd	0,894 g/cm <sup>3</sup> við 15°C
Leysni	Óleysanlegt í vatni; leysanlegt í vetniskolefnum
Eðlisseigja	135 mm <sup>2</sup> /s við 40°C

## 10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

### 10.1. Hvarfgirni

**Hvarfgirni** Getur hvarfast heiftarlega við oxara, s.s. klóröt, nítröt, peroxíð o.s.frv.

### 10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

**Stöðugleiki** Stöðugt við ráðlagða notkun og geymslu.

### 10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

**Skaðleg fjölliðun/efnahvörf** Engin skaðleg efnahvörf eða fjölliðun við venjulega notkun og geymslu.

#### 10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Á ekki við.

#### 10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Á ekki við.

#### 10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Vetrissúlfið við hækkað hitastig.

### 11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

#### 11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

**Augu** Hættumat byggir á gögnum um einstaka efnisþætti.  
**Inntaka** Hættumat byggir á gögnum um einstaka efnisþætti.  
**Húð** Hættumat byggir á gögnum um einstaka efnisþætti.  
**Innöndun** Hættumat byggir á gögnum um einstaka efnisþætti.  
**Húðnæming** Hættumat byggir á gögnum um einstaka efnisþætti.  
**Eiturhrif við inntöku** Á ekki við.  
**Eiturhrif við innöndun** Hættumat byggir á gögnum um einstaka efnisþætti.  
**Stökkbreytandi áhrif** Hættumat byggir á gögnum um einstaka efnisþætti.  
**Eiturhrif á æxlun** Hættumat byggir á gögnum um einstaka efnisþætti.  
**Krabbameinsvaldandi áhrif** Hættumat byggir á gögnum um einstaka efnisþætti.  
Ekki krabbameinsvaldur.  
**Sértæk eiturhrif** Hættumat byggir á gögnum um einstaka efnisþætti.  
**Ásvelgingarhætta** Engin gögn.

### 12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

#### 12.1. Eiturhrif

Eiturhrif Ekki talið hættulegt vatnalífi.

#### 12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki Ekki talið auðveldlega lífbrjótanlegt.

#### 12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Engin gögn.

#### 12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Engin gögn.

#### 12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Efnið er ekki eða inniheldur ekki PBT- eða vPvB-efni yfir 0,1%.

#### 12.6. Önnur váhrif

Váhrif Engin þekkt.

### 13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

#### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun vörunnar Varist eða lágmarkið myndun úrgangs. Fargið efninu, lausnum þess og aukaafurðum í samræmi við gildandi lög og reglur.

Úrgangskóði (EWC) 13 02 05 – Óklóraðar vélar-, gír- og smurolíur úr jarðolíu.

Förgun umbúða Fargið eins og ónotuðu efninu sjálfu. Endurnýtið ekki umbúðir.

### 14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Heyrir ekki undir alþjóðlegar reglur um flutninga á hættulegum efnum.

### 15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

#### 15.1. Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

##### 15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

##### 15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

#### 15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggismat Ekkert efnaöryggismat.

## 16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

<b>Hættusetningar</b>	H226 – Eldfímur vökvi og gufa. H302 – Hættulegt við inntöku. H317 – Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð. H318 – Veldur alvarlegum augnskaða. H411 – Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif. H413 – Getur haft skaðleg, langvinn áhrif á lífi í vatni.
<b>Skammstafanir</b>	<b>ADN:</b> Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum. <b>ADR:</b> Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum . Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum. <b>DNEL:</b> Viðmiðunarmörk fyrir váhrif. <b>IMDG:</b> Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning. <b>PBT:</b> Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð. <b>PNEC:</b> Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg. <b>REACH:</b> Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni. <b>TWA:</b> Tímavegið meðaltal. <b>vPvB:</b> Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

<b>Endurskoðun</b>	11. maí 2015.
<b>Endurskoðun nr.</b>	6
<b>Gert þann</b>	16. mars 2018
<b>Þýðing og uppsetning</b>	Reynir Hjálmarsson
<b>Heimild</b>	Uno-X Smøreolie A/S, <a href="mailto:teknik@unox.dk">teknik@unox.dk</a>